



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólgötu 4 · 150 Reykjavík
sími: 545 9500 · bréfasími: 562 3068

postur@mrn.stjr.is
menntamálaráðuneyti.is

Reykjavík 23. febrúar 2010
Tilv.: MMR10020363/9.0-

Til skólameistara framhaldsskóla

Efni: Um inntökuskilyrði á námsbrautir framhaldsskóla

Í reglugerð um innritun í framhaldsskóla nr. 1150/2008 segir í 2. grein: *Framhaldsskóla er heimilt að gera sérstakar kröfur um undirbúning og námsárangur vegna innritunar á einstakar námsbrautir framhaldsskóla enda miði þær að því að bjóða nemendum upp á nám sem hæfir undirbúningi þeirra, sbr. 2. gr. laga nr. 92/2008 um framhaldsskóla.*

Í 3. grein reglugerðarinnar segir að kröfur um undirbúning nemenda og önnur skilyrði innritunar skuli miðast við skólaeinkunnir við lok grunnskóla og aðra þætti sem miða að því að nemendur hafi nægan undirbúning til að takast á við nám á viðkomandi námsbraut. Ekki er nánar kveðið á um við hvaða mörk grunnskólaeinkunna skuli miðað. Í reglugerðinni segir hins vegar í 4. grein að í samningi skóla og menntamálaráðuneytis skuli kveðið sérstaklega á um skyldur einstakra framhaldsskóla við innritun nemenda og þær forsendur og kröfur sem skóli leggur til grundvallar við innritun nemenda. Í yfirstandandi lotu skólasamninga hafa inntökuskilyrði framhaldsskóla verið til umfjöllunar og ýmis sjónarmið í þeim efnum reifuð.

Til að gæta samræmis hefur ráðuneytið ákveðið að í inntökuskilyrðum skóla skuli ekki gerð krafa um hærri skólaeinkunn en 6 í einstökum greinum. Framhaldsskólar skulu taka mið af því er þeir auglýsa inntökuskilyrði á einstakar námsbrautir. Ekki skal vikið frá auglýstum inntökuskilyrðum við afgreiðslu á umsóknum frá nemendum í forgangshópi upp að 45% markinu. Ef umsóknir sem þá eru eftir eru fleiri en skóli getur tekið við þarf hann að ákveða og birta reglur um hvernig valið er úr þeim hópi umsækjenda.

Ráðuneytið leggur áherslu á að inntökuskilyrði framhaldsskóla séu aðgengileg á vefsíðu hvers skóla og á síðu þeirra í Námi að loknum grunnskóla.

Fyrir hönd ráðherra

Arnór Guðmundsson

Þórir Ólafsson